

Reykjavík, 14. febrúar 2017
Tilvísun: 2015110037/41.1
Verknúmer: 1373001**Efni: Staða úttektar Orkustofnunar á jarðhitánýtingu í Ölfusdal**

Orkustofnun sendi bréf til málsaðila, dags. 25. nóvember 2015, þar sem fram kemur að Orkustofnun er að kortleggja notkun sem er fyrir hendi á svæðinu og ástand holnanna. Þá fór Orkustofnun fram á að fá svör frá notendum á hverju nýting þeirra byggðist. Tekið var fram að til stendur að borholunum verði afsalað annaðhvort með beinum samningum eða auglýsingu. Tekið var fram að á meðan þessi vinna fer fram þá verði ekki tekin afstaða til nýrra umsókna um nýtingarleyfi á svæðinu og að mögulega verði auglýst eftir umsóknum á grundvelli 19. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998. Þá tók Orkustofnun fram að ávalt verður tekið tillit til þeirrar nýtingar sem þegar er hafin enda almannahagur að jarðhiti sé nýttur til húshitunar og annarra þarfa.

Orkustofnun hefur tekið saman skýrslur um málið og gert þær aðgengilegar á vef stofnunarinnar hér (www.os.is/jardhiti/olfusdalur). Hér er veitt yfirlit um helstu þætti málsins sem nánar er fjallað um í skýrslunum:

Ástand og matsvirði holnanna er lýst í skýrslu Mannvits. Afkastageta holnanna er lýst í sérstakri úttekt sem framkvæmd var af Íslenskum orkurannsóknum. Veitukerfi tengd holunum er lýst í skýrslu Íslenskra orkurannsókna. Forsaga nýtingarinnar í minnisblaði Orkustofnunar og núverandi notkun.

Á þessu ári hefur stofnunin átt samráð við Ríkiseignir, fjármálaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um málið. Haldnir hafa verið fundir með þessum aðilum þar sem farið hefur verið yfir forsendur málsins og þá kosti sem til greina koma við úrlausn þess. Samráðshópurinn óskaði eftir því að Orkustofnun kannaði stefnu sveitarfélaganna Ölfus og Hveragerði til málsins þar sem sveitarfélögin fara með skipulagsheimildir á svæðinu og jarðhitakerfið er samtengt á sveitarfélagsmörkunum. Í framhaldinu voru haldnir fundir með sveitarstjórum og skipulags- og byggingarfulltrúum hvors sveitarfélags fyrir sig.

Það er markmið Orkustofnunar að tryggja til lengri tíma nýtingu á jarðhita í Ölfusdal, og skapa eftir atvikum skilyrði fyrir aukinni nýtingu sem getur staðið undir rekstrar- og viðhaldskostnaði á þjóðhagslega arðbæran hátt, án þess að af nýtingunni skapist hætta eða tjón sem mögulega getur orðið ef nýting sem þessi á sér stað án vitundar og samþykkis eiganda lands og mannvirkja og án tilskilinna leyfa opinberra aðila.

Málsaðilum er hér með vísan til 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gefinn kostur á að kynna sér umræddar skýrslur á vef Orkustofnunar og eftir atvikum gera athugasemdir við þær ef einhverjar eru sbr. 13. gr. sömu laga. Orkustofnun tekur fram að meðfylgjandi upplýsingar verða lagðar til grundvallar í málinu til lengri tíma og því mikilvægt að málsaðilar fari yfir málsgögnin og kynni sér vel hvað þar kemur fram. Hafni viðkomandi upplýsingar eða vilji gera athugasemdir eru viðkomandi hvattir til að koma því á framfæri við stofnunina fyrir 1. mars 2017.

Sökum ofangreinds mun Orkustofnun um sinn ekki taka til efnislegrar umfjöllunar einstakar beiðnir um jarðhitanýtingu á svæðinu. Ljóst þykir að gufuveitan sem fyrir er er viðkvæm og mikilvægt að þeim aðilum sem veitt hefur verið heimild til tengingar við ríkisholurnar eins og fram kemur í fylgigögnum verði ekki fyrir tjóni af völdum mögulegrar þrýstingslækkunar í gufuveitu sem kann að hljóta af aukinni upptekt uns ábyrgur aðili tekur við borholunum með gildu nýtingarleyfi fyrir jarðhita á svæðinu.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra

Jónas Ketilsson
yfirverkefnisstjóri - staðgengill orkumálastjóra

Skúli Thoroddsen
lögfræðingur